

Nd.

§59. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um stimpilgjald (þgskj. 648).

Frá minni hluta nefndarinnar.

1. Við 4. gr.

a. Liðirnir b. og d. frá »Erfðaskrár — fullnaðarúrskurð á málið«, falli burt.

b. Síðustu málsgrein í d skal orða svo:

Afsalsbrjef og önnur heimildarbrjef fyrir skipum skal stimpla um leið og skip eru skrásett, en öll önnur skjöl, sem stimpilskyld eru eftir þessari grein, um leið og þau eru þinglesin.

2. Við 6. gr.

Tveim stafliðum skal bæta aftan við greinina:

i. Byggingarbrjef og leigusamninga skal stimpla með 10 kr., ef ársleigan margfölduð með árafjöldanum fer ekki yfir 3000 krónur, með 20 krónum ef hærra fer.

j. Erfðaskrár, dánargjafir og gjafarfa skal stimpla með 10 krónum. Ákvæði um að ekkja skuli sitja í óskiftu húsi, skal stimpla með 1 kr., ef þau eru sjerstaklega gerð. Erfðaskrár skal stimpla, þegar arfleiðandi deyr.

3. Eftir 6. gr. komi svolátandi grein:

Hálfsmánaðar víxla og skemri skal stimpla með 25 aurum, aðra víxla undir 1000 kr. með 20 aurum, en fari þeir þar yfir skal stimpla þá með 40 aurum af hverri þúsund eða hluta úr þúsund.

Víxla má flytja milli manna án stimpils.

Brot á þessari grein varða 20—100 króna sekt.

Nú selur maður öðrum manni skjal, sem er ekki gert úr garði sem löglegur víxill, en heimilar hinum að bæta því við, sem á vantar, og skal þá farið með það skjal sem víxil, bæði um stimplun og sektir.

4. Við 7. gr.

Aftan við fyrri málslið bætist:

Sömu undanþágu hefir Landsbankinn.

5. Við 12. gr.

Fyrstu setningu skal orða svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.